


Sestu og lestu



Hetjurnar þrjár

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:

1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?
Gefa myndirnar einhverjar vísbendingar? _____

8. Skoðaðu nú aftur myndirnar á bókarkápunni og veldu þér eina persónu. Lýstu persónunni og hvaða hlutverk þú heldur að hún hafi í sögunni. Þú getur líka búið til stutta sögu. _____

1. kafli bls. 5-9



1. Skoðaðu myndina á blaðsíðu 5. Hver er þetta?
Skrifaðu bæði rétta nafnið hans og hetjunafnið.

2. Hverjir óttaðist Sindarion að hefðu náð félögum hans?

3. Hvaða fjársjóð var Sindarion með og af hverju var fjársjóðurinn svona mikilvægur?

4. Hvað var fjársjóðurinn í raun og veru?

- ☐ Gullhúðuð hjólakeðja af háalofinu.
- ☐ Hjólakeðja, skreytt með jólas krauti.
- ☐ Jólasería sem átti að henda.

5. Merktu við rétta fullyrðingu

- ☐ Sindri var huldustríðsmaður og barðist fyrir ást Áslönu.
- ☐ Sindri var víkingur og barðist stundum óheiðarlega.
- ☐ Sindri var huldustríðsmaður, blanda af víkingi og huldumanni.

6. Lýstu ítarlega búningi og vopnum sem Sindarion var með. _____

7. Hvað heita vinir Sindra? Skrifaðu bæði réttu nöfnin þeirra og hetjunöfnin.

8. Hvers konar mætti bjuggu Áslana og Geddi yfir? _____

9. Hvað merkir *að hverfa eins og dögg fyrir sólu*?

- ☐ Hverfa snögglega eða gufa upp.
- ☐ Sólin hverfur bak við ský.
- ☐ Sólin blindar mann svo maður sér ekkert.



10. Krakkarnir héldu aftur í hversdagsleikann. Hvað merkir *hversdagsleiki*?

- ☐ Leikir sem oft er farið í.
- ☐ Eitthvað sem er venjulegt, vanagangur.
- ☐ Leikir sem aðeins má leika á daginn.

2. kafli bls. 10-15



1. Hvaða krakkar komu undan brúnni?

2. Krakkarnir voru *vopnaðir orðum og hnefum*. Hvað heldur þú að það merki?

3. Af hverju vildi Sindri frekar rekast á drýsla en krakkana?

- ☐ Af því að drýslarnir voru ekki jafn margir og krakkarnir.
- ☐ Af því að drýslarnir voru ekki raunverulegir.
- ☐ Af því að drýslarnir kunnu ekki júðó eins og krakkarnir.

4. Af hverju heldur þú að Sindri og vinir hans hafi verið svona hræddir við krakkana?

5. Hvaða ráð kom Ása með til að sleppa frá krökkunum?

- ☐ Berjast við þau.
- ☐ Stökkva af brúnni út í ána.
- ☐ Fela sig undir brúnni.

6. Af hverju fékk Sindri sting í magann við tilhugsunina að stökkva út í ána?

7. Hvað gerðist þegar Sindri klifraði upp á handriðið?



8. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann í 20 orðum eða færri. _____

9. Hvað heldur þú að gerist í næsta kafla? _____

10. Rifjaðu upp hvað nafnorð og sagnorð eru. Finndu sex nafnorð og sex sagnorð í kaflanum og skrifaðu í töfluna hér fyrir neðan.

Nafnorð (no.)	Sagnorð (so.)

3. kafli bls. 16-21



1. Lýstu útganginum á Sindra þegar hann kom heim.

2. Af hverju heldur þú að Sindri hafi logið að mömmu sinni? _____

3. Hvað varð um öll sverðin hans Sindra?

- ☐ Gunni klunni stal þeim.
☐ Klara vara eyðilagði þau.
☐ Mangi langi stal þeim.

4. Hvað merkir *trekk í trekk*? Ef þú ert ekki viss, skoðaðu þá samhengið í textanum á bls. 17 eða flettu upp í orðabók. _____

5. Pabbi Sindra sagði að ævintýri væru bara fyrir lítil börn og Sindri ætti frekar að lifa í raunveruleikanum. Af hverju ætli pabbi hans hafi sagt þetta? Ertu sammála?

6. Af hverju ætli Sindri hafi viljað reka vini sína úr herberginu?



7. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.


Eintala(et.)	Fleirtala (ft.)
hetja	
	herbergi
brú	
	heimar
skjöldur	

8. Sindri rakst á ofurhetjubók en það vantaði í hana nokkur orð. Hjálpaðu honum að skrifa orðin aftur á réttan stað. Orðin sem vantar eru hér að neðan.

Það er mikilvægt að hetjur séu _____ og láti aðra ekki _____ sig. Það er samt ósköp eðlilegt að vera stundum _____ og þá er mikilvægt að eiga góðan _____ sem maður treystir. Hetjur koma í öllum stærðum og gerðum og lifa _____ lífi. Hetjur sýna _____ þegar á reynir. Hetjur _____ þegar einhvern vantar aðstoð.

hræddur - hugrakkar - hjálpa - hræða - vin - hversdagslegu - hugrekki

4. kafli bls. 22-28



1. Af hverju var pabbi hans Sindra ánægður með að hann væri hættur að leika í ævintýraleik?

2. Pabbi og mamma Sindra brugðust ólíkt við þegar Sindri sagðist hættur í leiknum. Hvor viðbrögðin finnst þér réttari og af hverju? _____

3. Merktu við rétta fullyrðingu.

- ☐ Sindra langaði í raun og veru ekki að hætta í leiknum.
- ☐ Sindri var feginn að hafa hætt í leiknum.
- ☐ Sindri var sammála pabba sínum um að leikurinn væri barnalegur.

4. Hvað hélt Sindri að hefði orðið um sverðið hans? (tvö atriði) _____

5. Hvað merkir *að vera gegnsósa*?

- ☐ Að sósa sé svo þunn að sést í gegnum hana á disk.
- ☐ Að vera rennandi blautur.
- ☐ Að geta flotið á vatni.

6. Af hverju ætli Sindri hafi ekki látið foreldra sína vita þegar hann fór út?



7. Hvað merkir *að rýna í eitthvað*? _____

8. Af hverju vildi Sindri ekki rýna of mikið í myrkrið í kring? _____

9. Hvernig leið Sindra þegar hann dró sverðið upp úr ánni?



10. Rifjaðu nú upp hvað nafnorð og lýsingarorð eru.

Skoðaðu svo myndina á blaðsíðu 22. Finndu sjö nafnorð

og sjö lýsingarorð út frá myndinni og skrifaðu í töfluna hér fyrir neðan.

Nafnorð (no.)	Lýsingarorð (lo.)

5. kafli bls. 29-34

1. Hver voru skrímslin sem Sindri mætti á brúnni fyrr um daginn? _____

2. Hvað merkir *að vera borinn ofurliði*?

- ☐ Að vera borinn af einhverjum mjög sterkum.
- ☐ Að þurfa bera ábyrgð á liði sínu.
- ☐ Að tapa fyrir einhverjum.



3. Af hverju skreið Sindarion aftur undir brúna? _____

4. Af hverju ætli fólkið vilji ekki að neinn sjái það? _____

5. Sindri hélt að fólkið væri ...

- ☐ ræningjar, ribbaldar eða riddarar úr óvinaríkinu.
- ☐ drýslar úr óvinaríkinu.
- ☐ ribbaldar og ræningjar úr ævintýraheiminum.

6. Hvað merkir *að hreyfa hvorki legg né lið*? _____

7. Af hverju fannst Sindra skrítið að heyra í bíl? _____

8. Lýstu bílnum sem kom.



9. Af hverju heldur þú að Sindarion hafi klifrað upp á bílinn? _____

10. Hvert ætli fólkið sé að fara? _____

11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félaga þínum frá þeim í réttri atburðarás.

12. Hvað heldur þú að gerist í næsta kafla? _____

6. kafli bls. 35-40

1. Hvernig tengjast Ása og Gummi?

- ☐ Þau eru vinir.
- ☐ Þau eru kærustupar.
- ☐ Þau eru systkini.



2. Af hverju ætli Ása haldi að Sindri sé að plata þau? _____

3. Hvert sagði Sindarion systkinunum að koma og af hverju? _____

4. Hvar fundu þau Sindarion? _____

5. Hvað benti til þess að búið væri að brjótast inn? (3 atriði) _____

6. Hvers vegna var Geddi svona stoltur?

- ☐ Hann og Áslana voru á undan löggunni.
- ☐ Hann og Áslana ætluðu að berjast við þjófana.
- ☐ Hann og Ása þekktu þjófana.

7. Hvað merkir *að lætin hafi verið yfiringileg*?

8. Sindarion horfði *ráðvilltur* í kringum sig. Hvað merkir það?

- ☐ að vera hissa
- ☐ að vilja ráða
- ☐ að vita ekki hvað skal gera



9. Hvað var það sem Sindarion uppgötvaði? _____

10. Skoðaðu myndirnar í næsta kafla. Hvað heldur þú að gerist í þeim kafla?

12. Raðaðu eftirfarandi orðum í rétta stafrófsröð. Gott er að númera orðin

áður en þú skrifar þau niður:

lögga - myndavél - bróðir - innbrot - gullsmiður - gluggi - þjófur - sími - bær

7. kafli bls. 41-46

1. Hvar faldi hávaxni ræninginn sig? _____

2. Að vera mjóróma merkir að vera ...

- ☐ með grannan líkama.
- ☐ rómantískur.
- ☐ með granna, veika rödd.

4. Af hverju ætli fætur ræningjans hafi skolfið? _____

5. Að vera frosinn í sporunum merkir að ...

- ☐ vera frosinn úr kulda.
- ☐ geta ekki hreyft sig.
- ☐ vera mjög dapur.



6. Hvað vildi Sindri að hann og systkinin gerðu?

7. Skoðaðu myndasöguna á blaðsíðu 44. Búðu til texta sem gæti passað

við myndirnar. _____

8. Þegar hávaxni ræninginn áttaði sig á hverjar ófreskjurnar voru varð svipurinn á honum óborganlegur. Hvað er átt við með því? _____

9. Af hverju skammaðist ræninginn sín?

- ☐ Af því að ófreskjurnar voru krakkar.
- ☐ Af því að löggan hló að honum.
- ☐ Af því að hann týndi ránsfengnum.



10. Nú skaltu finna þér félagar til að vinna með. Ræðið um söguna og rifjið upp helstu atriði í réttri tímaröð. Skoðið bókina ef þið þurfið að rifja söguna upp.



Hugleiðingar að lestri loknum

1. Hvernig fannst þér bókin? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Skrifaðu auglýsingu um bókina þar sem kemur fram um hvað sagan er.
Textinn sem þú skrifar gæti til dæmis átt að birtast aftan á bókarkápunni.

3. Hvaða persóna fannst þér áhugaverðust í sögunni? Af hverju?

4. Hugsaðu þér nú að þú fengir að velja einn ofurkraft.

Hvaða ofurkraft myndir þú velja og hvernig myndir þú nota hann?

